

Sp.

47. Tillaga til þingsályktunar

[44. mál]

um afnám vínveitinga á vegum ríkisins.

Flm.: Karvel Pálmason, Jón Árm. Héðinsson, Helgi F. Seljan,
Oddur Ólafsson, Vilhjálmur Sigurbjörnsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hætta vínveitingum í veislum sínum.

Greinargerð.

Tillaga þessi er samhljóða tillögu, sem flutt hefur verið á tveim síðustu þingum, en í hvorugt skiptið fengið afgreiðslu.

Fyrsti flm. tillögunnar hefur verið núverandi hæstvirtur menntamálaráðherra, sem af eðlilegum ástæðum er ekki flutningsmaður nú, en í stað hans kemur Vilhjálmur Sigurbjörnsson.

En þó að hæstvirtur menntamálaráðherra sé ekki lengur í hópi þeirra, sem tillöguna flytja, þá hefur hann sýnt og sannað, að hann er málstaðnum trúr, því að eitt af fyrstu verkum hans sem ráðherra var einmitt að ákveða að veita ekki vín í veislum á vegum menntamálaráðuneytisins. Hafi hann þökk fyrir, og er vonandi, að aðrir ráðherrar fylgi því góða fordæmi.

Það virðist stöðugt síga á ógæfuhlið í áfengismálum Íslendinga. Andspyrna félaga og einstaklinga fær ekki rönd við reist. Opinberar skýrslur sanna almanna-róm í þessu efni.

Að dómi flutningsmanna þessarar tillögu er fyllsta ástæða til þess, að ríkisvaldið gefi hér gott fordæmi í stað þess að kynna drykkjusiði við margvísleg tækifæri.

Þessari tillögu var í bæði skiptin vísað til allsherjarnefndar Sp. Nefndin skil-aði ekki álit. Síðan hafa Alþingi borist ályktanir frá félagssamtökum og sveitarfélögum, sem mæla eindregið með samþykkt tillögunnar. Er þetta eftirtektarvert og þá einnig hitt, að engir hafa andmælt tillögunni opinberlega, svo að flutningsmönnum sé kunnugt, hvorki á Alþingi né annars staðar.